

Sjóvá – Árshlutauppgjör

Hagnaður 1.053 m.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019

Fyrsti ársfjórðungur 2019 og uppfærðar horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 411 m.kr. (1F 2018: 396 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 769 m.kr. (1F 2018: 422 m.kr.)
- Heildarhagnaður tímabilsins 1.053 m.kr. (1F 2018: 749 m.kr.)
- Ávöxtun eignasafns félagsins 3,5% (1F 2018: 2,0%)
- Samsett hlutfall 98,1% (1F 2018: 97,2%)
- Uppfærðar horfur fyrir árið 2019 eru að samsett hlutfall verði um 95% (óbreytt) og að afkoma fyrir skatta verði um 4.200 m.kr.
 - Uppfærðar horfur taka mið af raunafkomu í apríl.
- Horfur fyrir næstu 12 mánuði (2F 2019 – 1F 2020) eru að samsett hlutfall verði um 95% og að afkoma fyrir skatta verði um 3.800 m.kr.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afkoma Sjóvár á fyrsta ársfjórðungi nam 1.053 m.kr. sem er 41% aukning frá fyrra ári. Niðurstaðan er afar ánægjuleg hvort sem litið er til váttryggingarekstrar eða fjárfestinga.

Eigin iðgjöld vaxa um 13% frá 2018 eftir að hafa vaxið um 10% frá fyrsta fjórðungi 2017. Þessi sterki vöxtur undangengin ár hefur stuðlað að sífellt bættum váttryggingarekstri með lægra kostnaðarhlutfalli og bættu samsettu hlutfalli. Þó samsett hlutfall sé nú að vaxa lítillega á milli 1F 2018 og 1F 2019 úr 97,2% í 98,1% þá reiknum við með að birtar horfur okkar um 95% samsett hlutfall gangi eftir.

Á sveiflukenndum fjárfestingamörkuðum hefur það verið yfirlýst markmið okkar að byggja ekki afkomuna um of á þeim heldur að skila jákvæðri afkomu af váttryggingastarfsemi og það hefur okkur tekist undanfarna 12 fjórðunga sem verður að teljast afar jákvætt og til marks um styrkan og sjálfbæran grunnrekstur. Afkoma ökutækja er stöðugt til skoðunar og hreyfast þeir mælikvarðar í jákvæða átt þó ekki séu þeir komnir á ásættanlegan stað.

Ávöxtun eignasafns félagsins var umfram væntingar á fjórðungnum, einkum vegna góðrar afkomu af skráðum hlutabréfum. Horfur félagsins um afkomu fyrir skatta hafa því verið uppfærðar úr 3.300 m.kr. í um 4.200 m.kr. og taka mið af þróun á eignamörkuðum til loka apríl.

Horfur félagsins til næstu tólf mánaða (2F 2019 – 1F 2020) eru að samsett hlutfall verði um 95% og að afkoma fyrir skatta verði um 3.800 m.kr.“

Kynningarfundur 16. maí kl. 16:15

Boðið er til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2019, fimmtudaginn 16. maí kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar. The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website www.sjova.is

Fjárhagsdagatal

2F 2019 – 22. ágúst 2019

3F 2019 – 31. október 2019

4F 2019 – 13. febrúar 2020

Aðalfundur 12. mars 2020

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

SJÓVÁ

	1F 2019	1F 2018	%
Vátryggingastarfsemi			
Iðgjöld tímabilsins	4.798	4.251	12,9%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-235	-212	10,5%
Eigin iðgjöld	4.563	4.039	13,0%
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	291	278	4,7%
Aðrar tekjur	37	8	353,6%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	4.891	4.325	13,1%
Tjón tímabilsins	-3.554	-3.044	16,8%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	81	46	74,3%
Eigin tjón	-3.474	-2.998	15,9%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1.007	-931	8,2%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-4.480	-3.929	14,0%
Hagnaður af vátryggingarekstri	411	396	3,7%
Fjárfestingarstarfsemi			
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	867	515	68,4%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-98	-93	4,9%
Hagnaður/tap af fjárfestingarstarfsemi	769	422	82,4%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.180	818	44,3%
Tekjuskattur	-127	-69	83,8%
Heildarhagnaður tímabilsins	1.053	749	40,6%
	1F 2019	1F 2018	
Tjónahlutfall	74,1%	71,6%	
Endurtryggingahlutfall	3,0%	3,7%	
Tjóna- og endurtryggingahlutfall	77,1%	75,3%	
Kostnaðarhlutfall	21,0%	21,9%	
Samsett hlutfall	98,1%	97,2%	
Ávöxtun eigin fjár	30,0%	20,2%	
Hagnaður á hlut	0,76	0,53	
Eigið fé	14.228	14.459	
Gjaldþolshlutfall	1,43	1,51	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir fyrsta ársfjórðung 2019 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 16. maí 2018. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.